



Áveitan

4. tbl. 12. árgangur. Apríl 2018

Víðavangshlaup á sumardaginn fyrsta!

Börn og unglingar, afar og ömmur, foreldrar, frænkur og allir sem vettlingi geta valdið, vinsamlegast takið eftir!

Víðavangshlaup Umf. Þjótanda mun fara fram venju samkvæmt sumardaginn fyrsta, 19. apríl. Hlaupið hefst við afleggjarann að Árprýði og er rúmlega einn kílómetri að lengd um sanda og móa. Hlaupið hefst kl 11:00 en skráning hefst kl 10:30. Við mælum með að fólk komi tímanlega til að skrá sig svo hægt sé að ræsa hlaupið á réttum tíma. Fyrsti karl og kona í mark fá farandgripi, en að auki fá allir keppendur verðlaunapening þegar þeir koma í mark. Svaladrykkir verða í boði ungmennafélagsins. Hlaupið er ætlað öllum aldurshópum og aðalatriðið er að vera með svo við hvetjum alla íbúa Flóahrepps, stóra sem smáa til að taka þátt og fagna sumri.

Umf. Þjótandi

Flóahlaupið á laugardaginn

40. Flóahlaupið verður ræst á laugardaginn, 7. apríl, kl. 13 við Félagslund. Að venju verður Vorsabæjarhringurinn hlaupinn, en einnig er hægt að keppa í 5 km hlaupi og 3 km hlaupi (14 ára og yngri). Á eftir verður veglegt kaffihlaðborð fyrir keppendur og starfsmenn, þeir sem eru hvorugt geta keypt kaffi á 1000 kr. á manninn. Hlaupið er fjáröflunarsamkoma fyrir félagið og eru sveitungar hvattir til að mæta og aðstoða við framkvæmd þessa sögufræga hlaups. Þeir sem vilja leggja hönd á plóg hafi samband við Guðmundu í síma 846-9775.

Umf. Þjótandi

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo@emax.is	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	801haholt@internet.is	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Ágætu íbúar

Fjör í Flóa

Menningarnefnd Flóahrepps undirbýr nú hátíðina Fjör í Flóa sem verður haldin eins og áður síðustu helgina í maí. Dagskrá hátíðarinnar verður nánar auglýst síðar.

Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2017, verður lagður fram til fyrri umræðu miðvikudaginn 2. maí. Stefnt er að afgreiðslu á aðalskipulagsgögnum til auglýsingar á 200. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 4. apríl 2018.

Vorhreinsun

Nú stendur yfir sunnlenskt átak í hreinsun og fegrun umhverfis. Flóahreppur leggur eins og áður mikla áherslu á, vandaða sorpflokkun, fegrun umhverfis og góða umgengni. Stefnt er að vorhreinsun í Flóahreppi með svipuðu sniði og undanfarin ár dagana 18. – 24. maí. Gámar verða staðsettir á plani við Heiðargerði og við Félagslund. Á sama tíma býður sveitarfélagið járna- og timburgáma til hreinsunarátaks heima á bæjum sé um mikið magn að ræða. Við hvetjum ykkur til þess að nýta ykkur þessa þjónustu en minnum á að vanda vel til flokkunar í gámana til þess að minnka kostnað sveitarfélagsins við losun þeirra. Gott er að fá gámapantanir með góðum fyrirvara til þess að auðvelda skipulagningu á akstri með þá. Sími 480 4370 og netfangið gudrun@floahreppur.is

Vinnuskóli – umsóknir

Umsóknareyðublöð fyrir þá sem óska eftir að starfa í vinnuskólanum er að finna á heimsíðu sveitarfélagsins og skrifstofu Flóahrepps. Umsóknarfrestur er til 15. maí.

Stefnt er að því að bjóða upp á garðslátt og hirðingu gegn vægu gjaldi þar sem þess verður óskað.

Menningarstyrkur Flóahrepps 2018

Menningarstyrkur Flóahrepps var auglýstur í síðasta hefti Áveitunnar, en minnt er á að umsóknarfrestur rennur út 15. apríl 2018. Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skila á skrifstofu Flóahrepps.

Sveitarstjóri Flóahrepps

Viltu vera memm.....

**Ertu nokkuð að gleyma Fjör í Flóa.....
eða gleymdirðu bara að hringja í okkur?**

- Opið hús
- Beint frá bónda. Bændamarkaður
- Handverk
- Handverkshorn eldri Flóamanna

Áttu hugmynd að einhverju skemmtilegu?

Við bíðum og bíðum við símann..... eftir að heyra frá þér.
Komdu og vertu með okkur á Fjör í Flóa.

Rósa s: 898 0728, Sigurbára s: 869 4472, Stefán s: 867 6907

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Gaman saman

Kristín á Hurðarbaki býður okkur til sín í „Gaman saman“
mánudagskvöldið 9. apríl kl. 20-22. Hittumst sem flestar með
góða skapið meðferðis.

Stjórnin

UPPSKRIFTARHORNID

Kæru sveitungar. Nú er tímabært að endurvekja uppskriftarhorn Áveitunnar og ætla ég því að deila með ykkur uppskrift að einni af mínum uppáhalds kökum og ekki skemmir fyrir hversu auðveld hún er í framkvæmd.

Ómótstæðileg súkkulaðikaka

Hráefni:

250 gr suðusúkkulaði

150 gr smjör

1 dl sykur

4 egg

2 tsk vanillusykur

½ tsk lyftiduft

½ dl hveiti (má nota maísenamjöl fyrir glútenlausa köku)

Krem:

25 gr smjör

½ dl rjómi

200 gr Siríus Pralín súkkulaði (mér þykir best að nota með bananafyllingu)

Aðferð:

Ofninn hitaður í 175°C við undir- og yfirhita. Smelluform (24 cm) smurt að innan. Suðusúkkulaði sett í pott ásamt smjöri og brætt við vægan hita meðan hrært er í pottinum. Potturinn tekinn af hellunni og blandan látin kólna dálítið. Sykri og eggjum bætt út í og hrært vel saman við með þísk eða þar til blandan er slétt. Hveiti, vanillusyfri og lyftidufti blandað saman og sigtað ofan í pottinn. Hrært þangað til blandan er slétt. Deiginu er hellt í smelluformið og bakað í ca. 40 mínútur neðarlega í ofninum. Fylgist vel með kökunni, hún á að vera blaut í miðjunni.

Hráefnið í kremið er sett saman í pott og brætt við vægan hita. Hrært þar til Pralín súkkulaðið er bráðnað og blandan er slétt og glansandi. Potturinn er tekinn af hellunni og kreminu leyft að kólna.

Þegar kakan hefur kólnað og kremið þykknað dálítið er því smurt yfir kökuna. Hægt er að skreyta kökuna með t.d. berjum eða sigta yfir hana flórsykri og bera hana svo fram með þeyttum rjóma eða vanilluís.

Að lokum ætla ég að skora á hana Birnu mína á Urriðafossi að deila með okkur uppskrift í næstu Áveitu. Það er alveg sama hvort um er að ræða matseld eða bakstur, alltaf tekst henni að töfra dýrindis kræsingar fram

úr erminni ☺

Bestu kveðjur,
Ellen Bachmann Lúðvíksdóttir, Dalsmynni.

Kvöldvaka kvenfélaganna í Flóahreppi:

SLEIFIN

Kvenfélag Hraungerðishrepps býður til kvöldskemmtunar í Þingborg fimmtudagskvöldið 26. apríl kl.20:30.

Við fáum til okkar góða gesti þá Bergþór Pálsson og Albert Eiríksson. Þeir koma með söng, gleði og spjall um borðsiði, kurteisi og daglegt líf á léttum nótum.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flestar kærú kvenfélagskonur og endilega takið með ykkur gesti. Kaffi og kökur verða frambornar. Komum saman og njótum samverustundarinnar í góðum félagskap.

Fyrir hönd Kvenfélags Hraungerðishrepps
Ingibjörg Einarsdóttir formaður.



Glímufréttir

Flóaskóli átti tvo keppendur á Grunnskólamóti Íslands sem haldið var í Reykjanesbæ 10. mars. Svandís Aitken Sævarsdóttir hafnaði í 5. sæti í 5. bekk stúlkna og Melkorka Álfðis Hjartardóttir varð í 3.-4. sæti í 6. bekk stúlkna.

Íslandsglíman fór fram í Reykjavík 24. mars. Marín Laufey Davíðsdóttir gat ekki tekið þátt að þessu sinni en Þjótandamaðurinn Jón Gunnþór Þorsteinsson glímdu í flokki fimm karla sem kepptu um Grettisbeltið. Jón endaði í 4. sæti með einn vinning.

Þjálfari

Starfskraftur óskast við félagslega heimþjónustu

Velferðþjónusta Árnesþings óskar eftir starfsfólki til starfa við félagslega heimþjónustu í Uppsveitum og Flóa.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- ✦ Almenn heimilisþrif
- ✦ Aðstoð við persónulega umhirðu

Helstu hæfniskröfur:

- Hæfni í mannlegum samskiptum
 - Frumkvæði og skipulagshæfni
 - Hæfni til að starfa sjálfstætt
 - Skilyrði að umsækjandi hafi reynslu af almennum heimilisstörfum
- Nauðsynlegt að hafa þokkalegt vald á íslenskri tungu.

Umsækjandi þarf að hafa bíl til umráða. Greitt er samkvæmt kjarasamningum FOSS.

Umsóknarfrestur er til 25. apríl nk.

Vinsamlegast sendið fyrirspurnir í tölvupósti á sigrun@laugaras.is eða hafið samband í síma 480-1180



Aðalfundur Skógræktarfélags Villingaholtshrepps

Aðalfundur Skógræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn 12. apríl í Kolsholti 1 (heima hjá Kolbrúnu Júlíusdóttur). Fundurinn hefst kl 20:00. Meðal umræðuefna fundarins verða fyrirhugaður plöntuskiptimarkaður á Fjör í Flóa, fjölskylduskógarferð, göngustígagerð og aðrar framkvæmdir í Skagási, ásamt hefðbundnum aðalfundarstörfum.

Félagsmenn og áhugasamir eru hvattir til að koma og taka þátt í starfi félagsins og að móta dagskrá sumarsins.

Formaður skógræktarfélagsis

Frá Búnaðarfélagi Gaulverja

Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverja verður haldinn í Félagslundi miðvikudagskvöldið 11. apríl n.k. kl. 20.30. Venjuleg aðalfundarstörf. Félagar hvattir til að fjölmenna.

Stjórnin.

Aðalfundur 2018

Skógræktarfélagið Samhygð heldur aðalfund sinn á loftinu í Félagslundi laugardaginn 12. apríl 2018 kl. 20:30

Dagskrá :

Venjuleg aðalfundarstörf,

Önnur mál.

Nýir félagar boðnir velkomnir.

Stjórnin



Pistillinn

Ég vil byrja á því að þakka frænda mínum hinum megin við veginn fyrir að hugsa svona fallega til mín og skora á mig.

Það kemur ansi margt upp í hugann þegar velja skal efni í pistil, en því miður er kannski fæst birtingarhæft. Fyrir þá sem ekki þekkja mig þá heiti ég Ásmundur Ingjaldsson og er frá Ferjunesi. Frá unga aldri hefur áhugasviðið snúist um vélknúin ökutæki og allt sem að þeim kemur. Um leið og ég hafði “aldur” til fór ég að þeysa um sveitina á skellinöðrum sem síðar þróuðust uppí stærri mótorhjól með misgóðum árangri. Þá er gott að eiga góða sveitunga sem hjálpa manni að komast á slysavarðstofuna þegar í óefni er komið, (takk Gummi).

Ég hef tvisvar keppt í mótorkrossi á Klaustri í svonefnum þolakstri, en þá er hjólað nánast stanslaust í sex klukkustundir með smá hléum. Það gekk vel í fyrra skiptið, en í seinna skiptið tíu árum seinna gat ég varla setið né staðið eftir keppni, svo ég hef ekki íhugað að keppa í því aftur.

En nú er komið að nýjum ævintýrum og í sumar ætla ég að keppa í fyrsta skipti í torfæru. Fyrir rúmlega ári síðan hóf ég að smíða bílinn fyrir alvöru, en ég er búinn að safna í hann í ca. þrjú ár. Smíðin gengur mjög vel og stefni ég á að taka þátt í fyrstu keppni sumarsins á Hellu þann 12.maí, undir liðsnafninu Bomban. Alls verða fimm keppnir í sumar víðs vegar um landið, og þar á meðal Evrópumót sem haldið verður á Egilsstöðum.

Sjötta keppnin verður síðan í haust en hún verður haldin í þriðja skiptið í Dyersburg í Tennessee. Þar ætla ég ásamt fjórtán öðrum Íslendingum að etja kappi í flokki sérútbúinna bíla. Það eru aðeins Íslendingar sem keppa í þeim flokki, en Ameríkaninn hefur ekki keppt aftur eftir slæma útreið fyrsta árið, en þá gaf allur drifbúnaður sig hjá þeim þegar þeir voru komnir á gripmikil dekk sem Íslendingarnir sköfðu þeim. Þeir keppa nú aðeins sín á milli í öðrum flokki, en keppnin í Dyersburg er lokahnykkurinn í keppni þeirra á landsvísu. Í síðustu tvö skipti hefur myndast gríðarleg stemmning, en í fyrra fóru um 350 Íslendingar út að horfa á keppnina, og er búist við enn fleiri í ár. Andri Freyr Viðarsson eða Andri á flandri fangaði stemmninguna í mynd sinni Spólað yfir hafið, en þar fylgdi hann einum keppandanum eftir út, og mæli ég með þeirri mynd fyrir áhugasama.

Mig langar að enda á því að hvetja alla til að renna á Hellu í maí, en þangað til er hægt er að fylgjast með smíðinni á bílnum á facebook undir nafninu – asithebomb.

Að lokum vil ég skora á stórvin minn hann Gumma í Túni, en hann á ekki eftir að eiga í vandræðum með að hrista fram úr erminni góðan pistil fyrir samsveitunga sína.

Ásmundur Ingjaldsson

Foreldrasveitin

Samstarfsvettvangur foreldrafélaganna í uppsveitum og Flóanum



Börn og snjalltæki

Fundur foreldrafélaga um snjalltækjanotkun barna og unglinga, sérfræðingar koma og segja frá nýjustu rannsóknum.

Fyrirlesarar:

Björn Hjálmarsson, barnalæknir á BUGL ræðir um tölvu- og snjalltækjanotkun barna og unglinga.

Arna Skúladóttir, hjúkrunarfræðingur og svefnráðgjafi á LHS ræðir um snjalltækin og svefninn.

Jana Lind Ellertsdóttir, fulltrúi ungmennaráðs ræðir um upplifun unga fólksins af snjalltækjum.

Helða Ösp Kristjánsdóttir, félagsráðgjafi hjá Árborg ræðir um samveru á tímum snjalltækja.

Foreldrar eru hvattir til að mæta og taka unglingana sína með. Snjalltækin eru að verða stærri og stærri partur af daglegu lífi okkar og barna okkar og því mikilvægt að átta sig á því hvernig best er að umgangast þau.

Aratungu, Reykholti • 12. apríl 20:00-22:00 • Ókeypis aðgangur

Íþróttافرættir

Stefán Narfi Bjarnason keppti í **12. Bikarkeppni FRÍ** sem fór fram þann 10. mars í Kaplakrika í Hafnarfirði. Hann keppti í 60m hlaupi og hljóp á tímanum 7,57 sek og endaði í 8. sæti.

4. Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri fór fram 11. mars í Kaplakrika í Hafnarfirði. Þjótandi átti þar þrjá keppendur sem stóðu sig allir mjög vel. Þjótandi keppti fyrir hönd HSK og sigraði HSK heildarstigakeppnina. Hér er árangur Þjótandamanna:

Eliás Örn Jónsson	'03	60m hlaup	8,47 sek	6. sæti
		400m hlaup	65,98 sek	5. sæti
Sigurjón Reynisson	'05	1500m hlaup	5:43,77 min	4. sæti
Unnsteinn Reynisson	'03	400m hlaup	59,20 sek	2. sæti

Héraðsleikar HSK fóru fram í íþróttahúsinu á Laugarvatni þann 17. mars. Þar átti Þjótandi stóran hóp keppenda sem allir stóðu sig mjög vel. Auk þess fór fram þrautabraut sem ætluð var krökkum 8 ára og yngri og stóðu þau sig einnig afar vel.

Björgvin G. Sigurðsson	'09	30m hlaup	6,40 sek	6. sæti
		Langst.án.atr.	1,42m	5. sæti
		Skutlukast	10,06m	4. sæti
Sæþór Leó Helgason	'09	30m hlaup	5,50 sek	2. sæti
		Langst.án.atr.	1,78m	2. sæti
		Skutlukast	13,25m	1. sæti
Hugrún S. Guðjónsdóttir	'09	30m hlaup	6,20 sek	4. sæti
		Langst.án.atr.	1,60m	3. sæti
		Skutlukast	7,93m	4. sæti
Karólína Þórbergisdóttir	'09	30m hlaup	6,00 sek	2. sæti
		Langst.án.atr.	1,40m	7. sæti
		Skutlukast	6,90m	6. sæti
Jórunn F. Bjarnadóttir	'08	30m hlaup	5,70 sek	3. sæti
		Langst.án.atr.	1,49m	5. sæti
María B. Baldursdóttir	'08	30m hlaup	6,50 sek	10. sæti
		Hástökk	0,80m	7.-9. sæti
		Langst.án.atr.	1,28m	8. sæti
		Kúluv.(2kg)	5,23m	2. sæti
Benóný Ágústsson	'08	30m hlaup	5,90 sek	9.-10. sæti
		Langst.án.atr.	1,69m	6. sæti
David Ö. A. Sævarsson	'08	30m hlaup	5,60 sek	4.-5. sæti
		Hástökk	0,90m	12.-13. sæti

		Langst.án.atr.	1,57m	10. sæti
		Kúluv.(2kg)	4,75m	12. sæti
Guðbergur D. Ágústsson	'08	30m hlaup	6,40 sek	14. sæti
		Hástökk	0,90m	9.-11. sæti
		Langst.án.atr.	1,41m	11. sæti
		Kúluv.(2kg)	4,67m	13. sæti
Helgi Reynisson	'08	30m hlaup	5,70 sek	6.-7. sæti
		Hástökk	1,05m	7. sæti
		Langst.án.atr.	1,80m	3. sæti
		Kúluv.(2kg)	5,61m	7. sæti
Hjálmar V. Rúnarsson	'08	30m hlaup	5,40 sek	4. sæti
		Hástökk	1,20m	2. sæti
		Langst.án.atr.	1,77m	4. sæti
		Kúluv.(2kg)	7,31m	2. sæti

Eftirfarandi krakkar tóku þátt í þrautabraut 8 ára og yngri og stóðu sem frábærlega.

Bergþóra D. Þórbergisd.	'11
Axel Ö. A. Sævarsson	'11
Gísli Svavar Sigurðsson	'11
Bjarki Rafn Reynisson	'10
Garðar Þór Jónsson	'10
Guðni Bóas Davíðsson	'10
Kári Einarsson	'10
Kristófer M. Andrason	'10
Már Óskar Bjarnason	'10
Jón Oliver Rúnarsson	'10

Aðalfundur Flóakorns - kornræktarfyrrlestur

Flóakorn ehf. heldur aðalfund sinn **mánudaginn 16. apríl** í fjóssalnum á Stóra Ármóti kl. 20:30. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem Björgvin Þór Harðarson svínabóndi í Laxárdal mun koma á fundinn og segja frá umfangsmikilli kornrækt sinni í Gunnarsholti. Hluthafar eru sérstaklega hvattir til að mæta en allir áhugamenn um kornrækt velkomnir.

Stjórnin

Brokk og skokk á Fjöri í Flóa

Líkt og síðustu tvö ár mun keppni í Brokk og skokk fara fram á hátíðinni Fjör í Flóa. Keppnin að þessu sinni verður þó með breyttu sniði og verður styttri vegalengd en vanalega. Þessar breytingar verða vonandi til þess fallnar að fleiri treysti sér til að taka þátt í þessari skemmtilegu keppni.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag keppninnar munu birtast í næstu Áveitu. Nú er um að gera að járna hrossin og reima á sig hlaupaskóna til þess að vera sem best þjálfaður á keppnisdag!

Umf. Þjótandi

Dagskrá mánaðarins

Flóahlaupið	7. apríl
Gaman saman	9. apríl
Glímuæfing	10. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverja	11. apríl
„Börn og snjalltæki“ í Aratungu	12. apríl
Aðalfundur Skógræktarfélags Villingah. hr	12. apríl
Aðalfundur Skógræktarfélagsins Samhygðar	12. apríl
Aðalfundur Flóakorns ehf.	16. apríl
Glímuæfing	17. apríl
Víðavangshlaupið	19. apríl
Glímuæfing	24. apríl
SLEIFIN í Þingborg	26. apríl



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160